

Tillögur nefndar A að texta í áfangaskjal¹

með skýringum²

Lagt fram til kynningar á 11. fundi Stjórnlagaráðs, 3. júní 2011

Staðsetning

Tillaga nefndar A	Áfangaskjal eftir 10. ráðsfund
<p>5. Börnum skal tryggð í lögum 6. Allir eru frjálsir skoðana sinna...</p> <p>7. Fræðafrelsi</p> <p>8. Trúfrelsi</p> <p>9. Þjóðkirkja</p> <p>10. Rétt eiga menn á að stofna félög...</p> <p>[aðrar greinar númerast skv. þessu]</p>	<p>5. Allir eru frjálsir skoðana sinna...</p> <p>6. Börnum skal tryggð í lögum</p> <p>7. Rétt eiga menn á að stofna félög...</p>

Skýring nefndar:

Nefnd A er sammála þeirri skoðun stjórnlaganeftndar að færa beri ákvæði um trúfrelsi inn í mannréttindakaflann í stað þess að þau standi í sérstökum kafla um þjóðkirkjuna eins og nú er. Samhliða því sé grein um réttindi barna færð framar, til að halda samhengi.

7. Fræðafrelsi

Tillaga nefndar A	Áfangaskjal eftir 10. ráðsfund
Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, <i>fræða</i> , lista og menntunar.	16. gr. 4. mgr. Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, lista og <i>æðri</i> menntunar.

Skýringar nefndar:

- Fært úr menntagrein og gert að sjálfstæðri grein.

8. Trúfrelsi

Tillaga nefndar A	Skýrsla stjórnlaganeftndar	Núgildandi stjórnarskrá
Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og lífsskoðunar. Felur sá réttur í sér frelsi hvers og eins til að iðka trú sína, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á	Dæmi A, s. 184. Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu.	64. gr. Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu.

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Undirstrikað letur gefur til kynna breytingu frá tillögum stjórnlaganeftndar, eða frá ákvæðum núgildandi stjórnarskrár, eftir því sem við á.

<p>einkavettvangi.</p> <p>Öllum er frjálst að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.</p> <p>Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunararfélög.</p>	<p>Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu.</p> <p>Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.</p>	<p>Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.</p> <p>Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns.</p> <p>Breyta má þessu með lögum.</p>
--	--	---

Skýringar nefndar:

- Færir stjórnarskrá til samræmis við 18. grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og 9. grein mannréttindasáttmála Evrópu, sem Ísland er þegar aðili að.
- Vernd trú- og lífsskoðunararfélaga miði að umburðarlyndi og virðingu í samfélagini.
- Með lífsskoðunararfélagi er átt við félag sem löggjafinn hefur viðurkennt á einhvern hátt, byggist á frjálsri aðild félaga og hefur eftirfarandi að markmiðum sínum og starfsvettvangi:
 - Siðferði og siðfræði: Umræða um siðferðisgildi og hvernig best er að leysa siðferðileg álitamál.
 - Fjölskyldan og félagslegar athafnir: Framkvæmd félagslegra athafna fjölskyldunnar (ferming, gifting, nafngjöf og útför) á tímamótum samkvæmt lífssýn félaga.

9. Þjóðkirkja

Tillaga nefndar A	Skýrsla stjórnlaganefndar	Núgildandi stjórnarskrá
Valkostur 1: Evangelíkska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.	Dæmi B, s. 201 Evangelíkska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi en ríkið skal þó styðja og vernda öll lögleg trúfélög.	62. gr. Hin evangelíkska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, <i>og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.</i> <i>Breyta má þessu með lögum.</i>
Valkostur 2: [Ákvæðið falli brott.]		

Skýringar nefndar:

- Valkostur settur fram með það í huga að þjóðin greiði sérstaklega atkvæði um þessa grein þegar tillögur Stjórnlagaráðs eru lagðar fyrir hana.

Kaflar felldir brott úr áfangaskjali

Nefnd A hefur fellt ákvæði um auðlindir og trúmál inn í mannréttindakafla áfangaskjalsins. Því falli eftirfarandi kaflaheiti brott úr áfangaskjalinni:

- Trúmál
- Auðlindir